

29. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs 17. nóvember 2016 kl. 10-12:15 á skrifstofu sveitarstjóra á Hvolsvelli.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð en Eva Björk Harðardóttir var í simasambandi. Auk þess sat Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri fundinn. Ásgeir formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

- Ásgeir kynnti tölvupóst frá framkvæmdastjóra 28.10. 2016 um áunnið en ótekið orlof. Málið rætt.
- Rekstur jarðvangsins á næsta ári. Fyrir liggur fyrirheit forsætisráðherra í umboði ríkisstjórnarinnar um 20 mkr árlega fjárveitingu næstu fimm árin. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarfélögin leggi 10 mkr til verkefnisins árlega. Þessi fjármögnun gerir kleift að ráða a.m.k. einn annan starfsmann. Rætt um að hann þurfi að vera jarðfræðingur og geti jafnframt verið staðgengill framkvæmdastjóra auk þess að geta sinnt fjölbreyttum verkefnum. Starfsstöð hans verði innan jarðvangsins.
- Sigurður greindi frá ákvörðun stjórnar HfSu um áframhaldandi stuðning við jarðvanginn, en á fundi stjórnarinnar 27.10.2016 var eftirfarandi bókað:
 - Málafni Kötlu jarðvangs og aðkoma HfSu að þeim.
Stjórn félagsins býður stjórn Kötlu jarðvangs að félagið fjármagni áfram á næsta ári kostnað við að starfsmaður félagsins sæki samstarfsfundi jarðvangsins erlendis.
Stjórn Jarðvangsins þakka mikilvægan stuðning Háskólafélagsins við uppbyggingu Jarðvangsins og góðan skilning á því að framkvæmdastjóri Háskólafélagsins sinni áfram nauðsynlegum erlendum samskiptum hans með framkvæmdastjóra.
- Farið var yfir rekstrarstöðu jarðvangsins. Sveitarfélögin munu þurfa að greiða 4 mkr til viðbótar á árinu til að ná endum saman. Samþykkt var að stjórnarmenn leggi fyrir sveitarstjórnirnar beiðni um hækkun á framlagi til Jarðvangsins um samtals 4 milljónir á þessu ári.
- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi það að koma á mótis við athugasemdir úttektaðila sl. sumar. Framkvæmdastjóri hefur unnið að þessum verkefnum m.a. í samvinnu við tengiliðina í sveitarfélögnum þremur. Auk þessara atriða þarf að fylla út svokallaða sjálfsmatsramma (Excel skjöl) varðandi úttektina á næsta ári. Vegna breytts fyrirkomulags í sambandi við jarðvangaskrá UNESCO þarf helst að ljúka þessum verkefnum fyrir áramótin. Sigurður benti á þann möguleika að nota fjarfundarbúnað til þessarar vinnu til að tíminn nýtist betur. Stefnt að því að fyrsta lotan í þessari vinnu verði í lok mánaðarins og mun Sigurður boða til hans í samráði við framkvæmdastjóra og tengiliðina.

Fleira ekki og fundi slitið kl. 12:15.